

mála, sýslufundi o. fl., og sökum ófullnægjandi aðstoðar við embættisreksturinn hefir eigi verið unnt að kveða dóm þenna upp fyrr en nú.

Því dæmist rétt vera:

Stefnda, bæjarstjórn Ísafjarðar, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Jóhanns Þorsteinssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 1. febrúar 1939.

Nr. 66/1938. **Ólafur Bjarnason** (Eggert Claessen)  
gegn

**Mjólkursölunefndinni f. h. mjólkur-  
samsölnnar í Reykjavík og gagnsök**  
(Guðm. Guðmundsson cand. jur.)

Mjólkurframleiðandi krefur mjólkursamsölu um sinn hluta af rekstrarafgangi samsölnnar.

### **Dómur hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 21. júní f. á. og gert þessar dómkröfur: Aðallega að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 2276.99, til vara kr. 1927.25 og til þrautavara kr. 1686.27 og að vextir verði dæmdir 5% á ári af þeirri fjárhæð, sem til greina yrði tekin, frá sáttakærudegi, 16. júní 1937, til greiðsludags. Loks krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar af gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem hefir áfrýjað málinu með stefnu 22. júní f. á., krefst þess, að hann verði alger-

lega sýknaður og aðaláfrýjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Hallkvæmisástæður virðast að visu hafa legið til grundvallar þeirri ákvörðun Mjólkursölunefndar á öndverðu ári 1936, að framleiðendur vestan Hellisheiðar skyldu ganga fyrir framleiðendum austan heiðar um sölu mjólkur til neyzlu í Reykjavík, þótt hvorir tveggja væru jafn rétt háir að lögum til þeirrar sölu, og að framleiðendur austan heiðar skyldu í þess stað verða aðnjótandi rekstrarafgangs mjólkursamsölnunnar, eftir því sem til hrykki, til uppbotar því, að þeim var varnað markaðarins í Reykjavík, en þrátt fyrir það þótt þannig væri háttáð um þessar aðgerðir Mjólkursölunefndar, þá fóru þær samt í bága við skýlaust ákvæði 2. gr. laga nr. 1 frá 1935 að því leyti, sem þær urðu þess valdandi, að meir en 8% var tekið af söluverði neyzlumjólkur og rjóma til verðbótar þeirri mjólk, sem til vinnslu fór. Verður gagnáfrýjandi þess vegna að svara seljendum neyzlumjólkur og rjóma til þess hluta rekstrarafgangs mjólkursamsölnunnar 1936, sem þannig hefir verið fyrir þeim haldið. Hinsvegar var Mjólkursölunefnd ekki bundin af nefndu lagaákvæði um þann hluta rekstrarágóða ársins 1936, sem til kominn var á annan hátt en fyrir sölu mjólkurafurða. Þenna hluta ágóðans af starfrækslu mjólkursamsölnunnar virðist nefndinni hafa verið heimilt, eins og á stóð, að láta renna til framleiðenda austan Hellisheiðar sem bætur þess, að þeir höfðu orðið að þoka af markaði neyzlumjólkur í Reykjavík, til hagsbóta fyrir framleiðendur vestan heiðar. Samkvæmt ofanrituðu hefir Mjólkursölunefnd ekki ráðstafað réttilega kr. 143291.37 (rekstrarágóði 1936) ÷• (kr. 72411.56,

sölulaun af öðrum vörum en mjólk og mjólkuraf-  
uðum, + kr. 44219.33, flöskugjald) = kr. 26660.48.  
Kemur þá til álita, hversu mikið af fjárhæð þessari  
eigi að falla í hlut aðaláfrýjanda. Hann hefir haldið  
því fram, að Mjólkursamsalan hafi 1936 selt samtals  
sem svari þeirri lítratölu af mjólk, sem hér segir:

Mjólk, tilfærða í lítrum á reikningi	
mjólkursamsölunnar yfir seldar	
vörur 1936 .....	ltr. 4970927.35
Rjóma, skyr og aðrar vinnsluvörur,	
sem svari til .....	— 1747333.00
	<hr/>
	Samtals ltr. 6718260.35

Þessar tölur verður að leggja til grundvallar, með  
því að gagnáfrýjandi hefir hvorki véfengt þær nægi-  
lega né bent á aðrar tölur réttari. Óvéfengt er, að  
aðaláfrýjandi hafi 1936 lagt inn í mjólkursamsöluna  
ltr. 79062. Samkvæmt því á hann kröfu á hendur  
Mjólkursamsölunni um kr. 26660.48 × 79062 :  
6718260.35 = kr. 313.75. Og ber því að dæma gagn-  
áfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda þessa fjárhæð  
með 5% ársvöxtum frá 16. júní 1937 til greiðslu-  
dags og ennfremur málskostnað í héraði og fyrir  
hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals  
kr. 600.00.

#### Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjandi, Mjólkursölunefnd f. h. mjólk-  
ursamsölunnar í Reykjavík, greiði aðaláfrýj-  
anda, Ólafi Bjarnasyni, kr. 313.75 ásamt 5%  
ársvöxtum frá 16. júní 1937 til greiðsludags og  
samtals kr. 600.00 í málskostnað í héraði og  
fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðfór að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. maí 1938.**

Mál þetta, sem dómtekið var 13. þ. m., er eftir árangurslausa sátttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 23. júní 1937 af Ólafi Bjarnasyni, bónda að Brautarholti á Kjalarnesi, gegn Mjólkursölunefnd f. h. Mjólkursamsölnnar í Reykjavík, til greiðslu á kr. 2276.99, er hann telur sig eiga inni hjá Samsölnni sem hluta af rekstrarafgangi hennar árið 1936, með 5% ársvöxtum frá útgáfudegi sáttakæru 16. júní 1937 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndur, Mjólkursölunefnd f. h. Mjólkursamsölnnar í Reykjavík, krefst sýknu og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, að þann 10. september 1934 voru gefin út bráðabirgðalög um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl. Var m. a. svo ákveðið í þeim, að við sölu mjólkur og rjóma skyldi landinu skipt í svonefnd verðjöfnunarsvæði, er að jafnaði afmörkuðust þannig, að þar væri hægt að selja daglega góða og óskemmda mjólk og rjóma frá mjólkurbúum, einu eða fleirum, sem viðurkennd væru af landbúnaðarráðherra, enda væri kaupstaður eða kaup-tún innan þeirra takmarka. Var það aðalreglan, að mjólkurframleiðendum væri óheimilt að selja mjólk eða mjólkurafurðir utan þess verðjöfnunarsvæðis, sem þeir voru á. Á alla neytlumjólk og rjóma skyldi lagt svonefnt verðjöfnunargjald, er mátti vera allt að 5% af útsöluverði, en heimilt var að hækka, ef þörf krefði, með samþykki landbúnaðarráðherra. Verðjöfnunargjaldið skyldi renna í svonefndan verðjöfnunarsjóð, og skyldi það vera til verðuppbótar á þá mjólk, sem notuð væri til vinnslu í viðurkenndum mjólkurbúum, sem störfuðu á verðjöfnunarsvæðinu. Útsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum á hverjum sölu-stað skyldi ákveðið af fimm þar til völdum og skipuðum mönnum. Þá skyldi ríkisstjórnin skipa sjö manna nefnd, svonefnda mjólkursölunefnd, til að hafa á hendi stjórn mjólkursölumála samkvæmt lögnum, og eru settar nánari reglur um skipunina og störf og valdsvið nefndarinnar

í lögunum. Þar sem fleiri en eitt mjólkurbú væru starfandi á sama verðjöfnunarsvæði, skyldi öll sala á neytlumjólk, rjóma og nýju skyri fara fram frá einni sölumiðstöð, samsölu. Í stað þessara bráðabirgðalaga komu síðar lög nr. 1. frá 7. janúar 1935 um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl. Voru þau að mestu samhljóða bráðabirgðalögunum, en þó var svo ákveðið í þeim, að verðjöfnunargjaldið mætti aldrei vera herra en 8%, og í ákvæðum þeirra um stundarsakir, að þá fyrst um sinn skyldi stjórn samsölnunnar á verðlagssvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, en á því voru bæði mjólkurbú austan og vestan Hellisheiðar, vera í höndum mjólkursölunefndar, og virðist það hafa haldizt þann tíma, er hér skiptir máli.

Nú skýrir stefnandi svo frá og byggir kröfur sínar á því, að á árinu 1936 hafi orðið rekstrarafgangur hjá Mjólkursamsölnunni í Reykjavík, er numið hafi kr. 143291.37, eftir að útborgað hefði verið það verð, sem Samsalan greiddi framleiðendum fyrir mjólk og mjólkurafurðir það ár, svo og allur kostnaður og afskriftir, er Mjólkursölunefnd hefði ákveðið að dragast skyldi frá þeim eiginlega rekstrarafgangi ársins.

Samkvæmt lögunum sé Samsölnunni skylt að greiða framleiðendum allan þann afgang, er verði af rekstri Samsölnunnar, eftir að dregið hafi verið frá verðjöfnunargjald, allur kostnaður og afskriftir. Allur sá afgangur, er varð af rekstri Samsölnunnar 1936, hafi verið af sölu neytlumjólkur, en ekki að neinu leyti af sölu mjólkurafurða, og beri neytlumjólkurframleiðendum því einum umræddur rekstrarafgangur. Á árinu 1936 hafi hann lagt inn í Samsöluna 79062 lítra neytlumjólkur, en samtals hafi Samsalan selt 4970927 lítra af neytlumjólk, og beri sér því samkvæmt framansögðu í sinn hlut kr. 2276.99 af rekstrarafganginum, en það er stefnukrafan í máli þessu.

Stefndur hefir ekki mótmælt því, að Samsölnunni beri að láta hinn hreina rekstrarafgang, er varð á árinu 1936, renna til framleiðenda, enda virðist það vera í beztu samræmi við lögin, að svo sé gert. Hinsvegar telur hann, að heimilt hafi verið að ráðstafa afganginum eins og gert var og síðar verður greint, og eigi stefnandi því enga kröfu á hendur sér um hluta af rekstrarafgangi ársins 1936.

Þegar er Mjólkursölunefndin tók til starfa, mun hún

hafa sett sér ýmsar starfsreglur, sem nokkuð hafa verið breytilegar, en virðast hafa verið eins í öllum atriðum, er þetta mál varðar, allt árið 1936. Ætlaðist nefndin til, að verðmunur á mjólk hjá þeim mjólkurbúum, sem hefðu aðallega á hendi sölu mjólkur (bæjarbúunum), og búum þeim, sem aðallega ynnu vörur úr mjólkinni (fjærliggjandi búunum), yrðu 2 aurar á hverjum litra, þ. e. að fjærliggjandi búin fengju 2 aurum minna fyrir literinn en hin. Var gerð sérstök samþykkt um þetta, svo og að verðjöfnunargjaldið skyldi verða 8%, þ. e. hámarkið á neytlumjólk og mjólk þá, er færi í rjóma og skyr. Til þessarar hækkunar verðjöfnunargjaldsins fékkst svo samþykki landbúnaðarráðherra.

Það kom þó brátt í ljós, að þrátt fyrir þessa hækkun verðjöfnunargjaldsins nægði það ekki nándar nærri til þess að greiða vinnslumjólkurframleiðendum svo mikla verðuppbót á mjólk þeirra, að hver liter yrði ekki nema 2 aurum verðlægrri en hver liter neytlumjólkurframleiðenda. Útaf þessu mun hafa orðið nokkur óánægja meðal mjólkurframleiðenda austan fjalls, og þeir hafa krafizt þess í ársbyrjun 1936 að fá að selja svo mikla neytlumjólk hér í bænum, að nýgreindri samþykkt Mjólkursölunefndar um, að vinnslumjólkurframleiðendur skyldu aðeins fá 2 aurum minna fyrir hvern mjólkurliter en neytlumjólkurframleiðendur, yrði fullnægt. Í tilefni af þessu ákvað nefndin, að sömu verðhlutföll skyldu haldast milli útborgaðs verðs fyrir neytlu- og vinnslumjólk og búin vestan heiðar áfram hafa forgangsrétt um sölu neytlumjólkur á sölusvæði Samsölunnar. En jafnframt var ákveðið í samþykktinni, að ef rekstrarafgangur yrði hjá Samsölunni, skyldi honum, eftir að nægilegar afskriftir hefðu farið fram á eignum, áhöldum o. fl., varið til þess að ná þessum verðhlutföllum, en þetta ákvæði var einnig endurnýjun á eldri samþykkt. Ef afgangur yrði af verðjöfnunarsjóði og rekstrarafgangi, eftir að ofangreindum hlutföllum væri náð, skyldi hann ganga til verðuppbótar á alla innvegna mjólk þeirra mjólkurbúa og framleiðenda, er að Samsölunni stæðu, þó að undanskilinni dósamjólk.

Á árinu 1936 hrökk verðjöfnunargjaldið ekki til að ná fyrrgreindum verðhlutföllum, og vorið 1937 var því sá rekstrarafgangur, er orðið hafði hjá Samsölunni árið 1936

og ekki hafði verið sérstaklega ráðstafað, þ. e. kr. 143291.37, greiddur vinnslumjólkurframleiðendum, en þrátt fyrir það náðust ekki hin fyrirhuguðu verðhlutföll.

Stefnandi heldur því nú fram, að þessi ráðstöfun Mjólkursölunefndar á rekstrarafgangi Samsölnunnar hafi verið með öllu óheimil. Í lögunum sé ákveðið hámark verðjöfnunargjaldsins, þ. e. 8%, og felist í því, að meira meg ekki taka af framleiðendum neytlumjólkur og láta ganga til framleiðenda vinnslumjólkur til þess að bæta þeim síðarnefndu upp verð á mjólk þeirra. Áðurgreind samþykkt nefndarinnar samræmist því ekki lögunum og sé því marklaus.

Stefndur telur hinsvegar, að ráðstöfun þessi hafi verið fyllilega heimil. Mjólkursölunefnd hafi verið algerlega heimilt að setja sér starfsreglur, sem m. a. innihéldu ákvæði um framangreind verðhlutföll. Þegar ágreiningurinn kom upp um það, hvort búin austanfjalls skyldu fá að selja svo mikla neytlumjólk hér í bænum, að þau næðu þessum verðhlutföllum, þá hefði nefndinni samkvæmt lögunum verið heimilt að veita þeim slíkan sölurétt hér í bænum, og hefði hún getað það með því að koma á þannig lagaðri hlutfallssölu á neytlumjólk, að verðjöfnuðurinn næðist. Af því hefði leitt, að neytlumjólkurmarkaður búanna vestanfjalls hefði rýrnað að sama skapi og þá jafnframt tekjur framleiðendanna á því svæði. En í stað þess að fara þessa leið, sem eflaust hefði verið heimil, þá hefði nefndin valið þann kostinn, sem öllum hefði verið þægilegastur, þ. e. að láta búin vestanfjalls halda neytlumjólkurmarkaðinum, en taka framangreinda ákvörðun um rekstrarafgang Samsölnunnar. Hér hafi því aðeins verið um það að ræða, að valin hafi verið heppilegri leiðin af tveimur jafnheimilum, og geti neytlumjólkurframleiðendur sízt kvartað um, að hún skyldi valin, því að þeirra hagar hafi orðið betri við það, þaræð rekstrarafgangurinn hafi ekki nærri nægt til að ná hinum samþykktu verðhlutföllum.

Í lögunum nr. 1 frá 7. janúar 1935 um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl. er svo ákveðið, að verðjöfnunargjaldið meggi aldrei nema meiru en 8% af útsöluverði mjólkur og rjóma. Lítur rétturinn svo á, að í þessu ákvæði felist það, að ekki sé ætlað til, að til verðjöfnunar sé notað hærri upphæð en þetta, og að verðjöfnun verði því ekki

frankvæmd eftir lögunum, nema að svo miklu leyti, sem sú upphæð hrekkur til. Verður því að telja þær samþykktir Mjólkursölunefndar, sem fela í sér frekari verðjöfnun, í ósamræmi við lögin og því ógildar. Nú er upplýst í málinu, að áður en vinnslumjólkurframleiðendum var greiddur rekstrarafgangur Samsölnunnar til verðjöfnunar, hafði þeim verið greitt hámark hins lögákveðna verðjöfnunargjalds. Það verður því að telja, að Mjólkursölunefnd hafi verið óheimilt að ráðstafa rekstrarafganginum eins og hún gerði, og skiptir hér ekki máli, þótt það kunni að vera rétt hjá stefndum, að nefndin hefði getað náð fyllri verðjöfnun á einhvern annan hátt, sem heimill hefði verið, og hagur neytlumjólkurframleiðenda hefði jafnvel orðið verri við það en raun varð á með umræddri meðferð á rekstrarafganginum, þar eð lögin banna það berum orðum, að verðjöfnunargjaldið sé herra en 8%, og felst þá einnig í því banni bann við því, að hærri upphæð sé notuð til verðjöfnunar, a. m. k. þegar það fyrirkomulag er haft, sem hér var haft. Þykir þessi skilningur, sem hér er lagður í umrædd ákvæði mjólkurlaganna, hafa sérstaka stöð í því, að nú hefir verið lögleidd breyting á þeim, sem tekur það m. a. berum orðum fram, að tekjuafgangur, þ. e. rekstrarafgangur Samsölnunnar, skuli renna í verðjöfnunarsjóð og hafa áhrif á verðjöfnunargjaldið, og sýnir það ljóslega, að slíkt hefir ekki átt að felast í eldri ákvæðum laganna.

En enda þótt rétturinn samkvæmt framansögðu verði að telja, að óheimilt hafi verið að nota rekstrarafganginn til verðjöfnunar, þá verður hann þó að líta svo á, að það hafi verið í beztu samræmi við eðli og tilgang mjólkurlaganna, að rekstrarafganginum árið 1936 væri úthlutað til mjólkurframleiðenda, enda er því ekki sérstaklega mótmælt af stefndum, né byggðar varnir á því, að engin skylda hefði verið að úthluta rekstrarafganginum. Verður því að telja, að mjólkurframleiðendur geti krafist Samsölnuna hver um sinn hluta af rekstrarafganginum, og verður sú krafa stefnanda athuguð með tilliti til þessa.

Stefnandi heldur því fram, eins og áður er vikið að, að neytlumjólkurframleiðendum beri einum að fá allan rekstrarafgang Samsölnunnar árið 1936. Þegar Samsalan hafi tekið til starfa, hafi verið ákveðið, að „sölugjald“ mjólkur skyldi

vera hlutfallslega hærra en „sölugjald“ mjólkurafurða. En jafnframt því, sem „sölugjaldið“ af mjólkinni hafi verið ákveðið hærra en þurfti til þess að ná upp öllum kostnaði, hafi Mjólkursölunefnd lýst því yfir, að allur rekstrarafgangur Samsölnunnar yrði á sinum tíma greiddur mjólkurframleiðendum, þ. e. neytlumjólkur. Auk þessa staðhæfir stefnandi, að allur rekstrarafgangur Samsölnunnar árið 1936 stafi af sölu mjólkur, en ekki mjólkurafurða, og beri því að skipta honum á milli neytlumjólkurframleiðenda einna, en í þeirra hópi telur hann sig. Að þessari staðhæfingu sinni telur stefnandi sig hafa leitt rök með ýmsum tölum úr reikningi Samsölnunnar árið 1936, en eins og mál þetta liggur fyrir, virðist réttinum ekki ástæða til að taka þau upp hér.

Stefndur neitar því, að nokkurntíma hafi verið lofað, að rekstrarafgangur Samsölnunnar yrði eingöngu greiddur neytlumjólkurframleiðendum, og gegn þeirri neitun hans er sú staðhæfing ósönnuð. Þá mótmælir hann því og sem fjarstæðu, að rekstrarafgangur Samsölnunnar árið 1936 stafi eingöngu af sölu mjólkur, og staðhæfir, að hann sé einnig af sölu mjólkurafurða og fleiru.

Reikningur Samsölnunnar árið 1936 sýnir, að tekjur hennar það ár hafa verið 1) af vörusölu kr. 422113.55, þar af sölulaun af öðrum vörum en mjólk og mjólkurafurðum kr. 72411.56, 2) af flöskugjaldi kr. 44219.33 og 3) vextir, kr. 4023.15. Þegar frá þessu hafa verið dregin öll útgjöld, afskriftir, umbætur o. fl., kemur út hinn umræddi rekstrarafgangur. Hvergi sést í reikningi Samsölnunnar sundurgreining á tekjum hennar af sölu mjólkur og mjólkurafurða, og mun reikningshald hennar ekki vera þannig úr garði gert, að unnt sé að sjá þetta, eftir því sem umboðsmaður stefnds hefir skýrt frá í flutningi máls þessa.

Af þessu sést, að rekstrarafgangurinn stafar að þó nokkru leyti af öðru en sölu mjólkur og mjólkurafurða, þótt það sé að visu sá liðurinn, sem drýgst tekjur hefir gefið. Hinsvegar er ekki unnt að sjá það, eins og áður segir, hversu miklar tekjurnar voru annarsvegar af mjólkursölnunni sérstaklega og af mjólkurafurðasölnunni hinsvegar, enda er áðurnefndur rökstuðningur stefnanda, sem átti að sýna, að rekstrarafgangurinn stafaði að öllu leyti af neytlumjólkursölnunni, engan veginn öruggur og hefir í

sumum atriðum verið hnekt. Þá virðist hann og ekki taka tillit til þeirrar rýrnunar, sem alltaf hlýtur að verða á neytlumjólkinni eins og öðrum vörum Samsölnnar. Af þessum ástæðum, svo og af því, að rekstrarafgangurinn, að því leyti, sem hann stafar af sölu mjólkur og mjólkurafurða, er þannig tilkominn, að of hárrí upphæð hefir verið haldið eftir af andvirði mjólkurinnar fyrir rekstrarkostnaði o. fl., án þess að unnt sé að sjá með vissu nein ákveðin hlutföll milli neyzlu- og vinnslumjólkur að þessu leyti, og loks af því, að rekstrarafgangurinn stafar að nokkru leyti af sölu annarra vara en mjólkur og mjólkurafurða, þá þykir ekki unnt að fallast á það með stefnanda, að allur rekstrarafgangurinn eigi að renna til neytlumjólkurframleiðenda einna.

Virðist eðilegast, með tilliti til framansagðs og þeirra upplýsinga, sem fram hafa komið í máli þessu, að líta svo á, að rekstrarafganginum beri að skipta milli allra mjólkurframleiðenda í réttu hlutfalli við mjólkurmagn það, er þeir, hver um sig, hafa lagt inn í Samsölna, án tillits til þess, hvort mjólk þeirra hefir verið notuð til vinnslu eða til neyzlu óunnin.

Mjólkurmagn það, sem stefnandi lagði inn í Samsölna árið 1936, var 79062 lítrar eða 81434 kg. Innvegið mjólkurmagn hjá öllum mjólkurbúum verðjöfnunarsvæðisins nam samtals 11799741 kg. Samkvæmt framansögðu bera stefnanda því 81434/11799741 hlutar af rekstrarafganginum, kr. 143291.37, eða kr. 988.90, samkvæmt útreikningi fagmanns.

Verða málalok því þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 988.90 með 5% ársvöxtum frá 16. júní 1937 til greiðsludags og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 150.00.

#### Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Mjólkursölnunefnd f. h. Mjólkursamsölnnar í Reykjavík, greiði stefnandanum, Ólafi Bjarnasyni, kr. 988,90 með 5% ársvöxtum frá 16. júní 1937 til greiðsludags og kr. 150.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.